

6. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 28. október 2015 kl. 18:15.

Mættir eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.



1. Fjármál deilda Umf. Selfoss

Framkvæmdastjórn fór yfir uppgjör á rekstri deilda eins og það liggur fyrir á þessari stundu. Framkvæmdastjóra falið að leita skýringa þar sem það á við. Framkvæmdastjórn mælist til þess að rekstur meistaraflokka og yngri flokka deilda sé aðskilinn í samræmi við fyrirmæli fyrirmyndarféлага ÍSÍ. Auk þess er æskilegt að aðskilja rekstur á akademíum frá rekstri yngri flokka.

2. Sjónvarp Selfoss (SelfossTV)

Framkvæmdastjórn telur mikilvægt að kynna félagið út á við og fagnar þeim sameiginlega vettvangi sem skapast til að vekja athygli á félaginu okkar. Samþykkt að aðalstjórn Umf. Selfoss fjármagni kaup á búnaði til útsendinga. Framkvæmdastjóra falið að semja verklagsreglur um notkun á búnaði sem og að óska eftir því við deildir að tilnefna umsjónarmann að búnaðinum.

3. Leyfi fyrir söluvagn við Selfossvöll

Framkvæmdastjórn hafnar erindi um staðsetningu á veitingavagni á bílaplani við Selfossvöll vegna skorts á bílastæðum.

4. Héraðsþing HSK 2016

Framkvæmdastjórn samþykkir að bjóða HSK að halda héraðsþingið 2016 að höfðu samráði við Sveitarfélagið Árborg og Fjölbrautaskóla Suðurlands. Framkvæmdastjórn þykir viðeigandi að þingið verði haldið á Selfossi á 80 ára afmælisári félagsins.

5. Selfossþorralót 2016

Ekki liggur fyrir hver er framkvæmdaraðili Selfossþorralótsins og var afgreiðslu vísað til næsta fundar aðalstjórnar.

6. Kynningarfundur með Sveitarfélaginu Árborg

Fyrirhuguðum kynningarfundum með bæjarfulltrúum sveitarfélagsins var frestað til þriðjudagsins 3. nóvember.

7. Færsla á bókhaldi

Óskað hefur verið eftir því að skrifstofa Umf. Selfoss færi bókhald fleiri félagasamtaka í Árborg. Framkvæmdastjórn tók vel í óskina og fól framkvæmdastjóra að skoða málið í samráði við íþrótt- og menningarfulltrúa Árborgar.

8. Sjálfbóaliðar Umf. Selfoss

Samþykkt að kanna nýtingu samfélagsmiðla til að efla sjálfbóaliðastarf félagsins.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:45.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**